



Reykjavík 18. janúar 2010  
R08110012  
HS

Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

### **Efni: Úttekt á innra eftirliti hjá Félagsbústöðum hf.**

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur lokið skoðun á innra eftirliti hjá Félagsbústöðum samkvæmt verksamningi sem tók gildi 1. október 2008. Skoðunin fólst í mati á fyrirkomulagi heildareftirlits (entity-wide controls) hjá fyrirtækinu og stuðst var við alþjóðlega viðurkennd viðmið COSO-nefndarinnar um innra eftirlit. Niðurstöður hafa verið lagðar fyrir stjórn Félagsbústaða hf. og framkvæmdastjóra og með bréfi þessu er borgarráð upplýst um helstu niðurstöður úttektarinnar.

Megintilgangur með stofnun Félagsbústaða hf. árið 1997 var að skilja rekstur félagslegra leiguíbúða Reykjavíkur frá öðrum borgarrekstri og bæta fjármálalega og faglega umsýslu rekstrarins. Margt í verklagi fyrirtækisins og uppbyggingu menningar er til fyrirmyndar. Hjá fyrirtækinu starfa 25 starfsmenn og verklag er byggt á hefðum. Lítil starfsmannavelta hefur verið á undanförunum árum. Mikilvægt er að stjórnendur og starfsmenn haldi áfram að skilgreina skriflega verkferla og styðji við frekari uppbyggingu innra eftirlits.

Að úttektinni unnu Sigríður Jónasdóttir, sérfræðingur og Anna Margrét Jóhannesdóttir verkefnastjóri hjá Innri endurskoðun.

### **Helstu niðurstöður:**

- Stjórn þarf að setja sér starfsreglur þar sem kveðið er á um framkvæmd starfa hennar, sem og siðareglur fyrir starfsemi fyrirtækisins sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að draga fram megingildi starfseminnar.
- Framsetning á framtíðarsýn og meginmarkmiðum þarf að vera skrifleg og aðgengileg starfsmönnum og í framhaldi af því séu skilgreindir lykilangursmælikvarðar. Marka þarf almenna innkaupastefnu.
- Halda þarf áfram þróun á verklag í tengslum við að tryggja samfellt vinnulag hjá Velferðarsviði og Félagsbústöðum er varðar lokastig útburðar sem Félagsbústaðir sinna skv. ákvæðum húsaleigulaga og ábyrgðar velferðasviðs skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Mögulegt er að ákveðin mótsögn geti komið upp við túlkun á hlutverki Félagsbústaða því að í samþykkt félagsins er annars vegar vísað til



Þess að fylgja skuli eftir ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 en hins vegar að hafa að leiðarljósi þær skyldur sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991<sup>1</sup>. Í þessu sambandi er bent á að borgarlögmaður hefur í svari til umboðsmanns Alþingis sett fram eftirfarandi túlkun á meginhlutverki Félagsbústaða: „Reykjavíkurborg er þeirrar skoðunar að Félagsbústaðir fari ekki með stjórnsýsluvald og því sé ekki rétt að skoða athafnir félagsins í ljósi stjórnsýslulaganna. Það áréttast jafnframt að ekkert samhengi er á milli ákvörðunar Félagsbústaða hf. um riftun húsaleigusamnings með tilheyrandi viðverulokum leigutaka í tilteknu félagslegu húsnæði og missir réttar þessa sama aðila til að fá úthlutað öðru félagslegu húsnæði“.

- Eftirlit stjórnar og stjórnenda má ekki einskorðast eingöngu við fjárhagslegt eftirlit og jafnframt sé litið til árangurs með tilliti til annarra markmiða.
- Æskilegt væri að fyrirtækið tileinkaði sér áhættustjórnun og þróaði með sér kerfisbundið áhættumat. Með gerð áhættumats eru helstu áhættuþættir sem geta ógnað markmiðum félagsins greindir og viðeigandi tímanleg viðbrögð skilgreind.
- Lagt er til að unnið verði að gerð gæðahandbókar sem næði yfir alla verkferla fyrirtækisins<sup>2</sup>.
- Nauðsynlegt er að stjórn og stjórnendur Félagsbústaða vinni úr athugasemdum ytri endurskoðenda þar sem m.a. er bent á nauðsyn upplýsingaöryggisstefnu og öryggishandbókar fyrir félagið. Bregðast þarf við ábendingu ytri endurskoðunar er snýr að aðgreiningu starfa í bókhaldi.

Ítarlegri niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem trúnaðarmál sem ætluð er framkvæmdastjóra og stjórn sem vinnuskjal við að fylgja eftir athugasemdum innri endurskoðanda með það að markmiði að efla innra eftirlit og stjórnarhætti. Við innri endurskoðun næsta árs verður þessum athugasemdum fylgt eftir.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson,  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

<sup>1</sup> Sjá 21. gr. samþykktar fyrir Félagsbústaði hf. dags. 28. febrúar 2008.

<sup>2</sup> Eftir að fyrstu skýrsludrög voru kynnt fyrir framkvæmdastjóra Félagsbústaða hf. hefur sú ákvörðun verið tekin að hefjast handa við vinnu að gæðahandbók.